

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 01. desember 2011
2011110016/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um náttúruvernd (akstur utan vega o.fl.), 225. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 10. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um náttúruvernd (akstur utan vega o.fl.), 225. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður framangreint frumvarp og leggur til að það verði að lögum. Náttúrufræðistofnun vill engu að síður gera athugasemd við umsögn fjármálaráðuneytisins við frumvarpið.


Í fylgiskjali með frumvarpinu segir í umsögn fjármálaráðuneytisins: *Fjármálaráðuneytið bendir á í þessu sambandi að gerð, viðhald og miðlun upplýsinga á stafrænu formi um vegi og samgöngur er hluti af starfsskyldum Landmælinga Íslands og hið sama á við hjá Náttúrufræðistofnun Íslands hvað varðar kerfisbundna skráningu á einstökum þáttum íslenskrar náttúru, gerð og útgáfu korta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda, og miðlun á þekkingu um íslenska náttúru. Umhverfisráðuneytið hefur ekki forgangsraðað fjármunum til þeirra verkefna sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðist verði í. Er því hvorki gert ráð fyrir sérstökum útgjöldum vegna þeirra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012 eða langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs á árunum 2013–2015. Verði frumvarpið að lögum mun þurfa að forgangsraða framlögum til þessara verkefna innan gildandi fjárlagaramma. Að öðrum kosti munu útgjöld sem kann að leiða af lögfestingu frumvarpsins auka á hallarekstur og skuldasöfnun ríkissjóðs. Náttúrufræðistofnun Íslands vill benda á að þær skyldur sem leggjast á stofnunina, umfram það sem nú er, hafa í för með sér nýtt hlutverk hvað varðar skráningu ákveðinna tiltekinna náttúru fyrirbæra, viðhalds þeirra gagna og framsetningu auk nýs umsagnarhlutverks. Bent er m.a. á að skráning og kortlagning náttúru fyrirbæra skv. frumvarpinu verður að vera með þeim hætti að auðvelt sé fyrir t.d. sveitarfélög að nota gögnin við skipulagsvinnu o.fl. Náttúrufræðistofnun telur framangreint falla vel að hlutverki stofnunarinnar en engu að síður bætist það ofan á aðra vinnu, sem einnig er lagaskylda, og nú þegar hefur verkefnum verið forgangsraðað í nokkur ár til að reyna að uppfylla þær skyldur. Náttúrufræðistofnun Íslands getur því ekki fallist á röksemdafærslu fjármálaráðuneytisins.*



Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

